

Skýrsla æskulýsnefndar hestamannafélagsins

Sindra fyrir starfsárið 2011



Á félagssvæði Sindra var kraftur í mönnum eftir erfitt starfsár 2010 sökum elgoss og hrossapestar. Æskulýsnefnd félagsins ákvað að standa vel við bakið á sínum krökkum þetta ár sem og önnur og ljúka því sem að stefnt hafði verið að á fyrra ári. Hross og börn voru ferjuð í fjögur skipti á tímabilinu frá 12. Febrúar til 10. apríl á Hellu á reiðnámskeið hjá þeim mæðgum Heklu Katarinu og Marijoline Typen. Meigin markmið námskeiðsins var keppnisþjálfun sem og þátttaka í sýningunni Hestafjör 2011 á Hellu. 17 börn voru skráð til leiks og létum við þann fjölda ekkert stoppa okkur þó að um langan veg væri að fara. Námskeiðið var greitt niður að hluta af félaginu og skiptust vaskir foreldrar á að keyra börn og hross og voru allir himinssælir með námskeiðið. Rúsinan í pylsuenda námskeiðsins var svo samvinna hestamannafélaganna á Suðurlandi, Hestafjör 2011 á Hellu en þar átt Sindri 23 þátttakendur frá aldrinum 3 til 16 ára. Atriði krakkanna voru til mikillar fyrirmyndar og gleði og ánægja skein úr hverju andliti. Myndband um þetta ferli allt saman má sjá hér <http://vimeo.com/25862326>

18. apríl stóð nefndin fyrir kynnisferð fyrir 3 elstu árganga grunnskóla innan félagssvæðisins, á Selfoss þar sem hestabraut fjölbrautarskóla Suðurlands var kynnt. 11 krakkar skráðu sig í ferðina sem að var að mestu skipulögð af Sindrafélaga sem að nemur við skólann. Ferðin tókst afar vel og hlutum við einstakar og persónulegar móttökur og stefna þó nokkrir félagsmenn á nám við skólann á þessari braut.

Um miðjan apríl var skemmtikvöld þar sem að krakkarnir hittust öll og snæddu pizzur og spiluðu bingó. Vinningarnir voru allir gefnir af velunnurum og flestir tengdir áhugamáli krakkanna, hestum.

Við þökkuðum reiðnámskeiðinu hjá þeim Marijoline og Heklu meðal annars því, að afar góð þátttaka var á vetrarmótum Sindra og greinilegar framfarir hjá krökkunum á milli móta en þau voru 4 með mánaða millibili. Sama góða skráning hélst á firmakeppni Sindra og ljóst að knapar voru duglegir að þjálfar og áframhaldandi framför.

Reiðskólar Sindra voru starfræktir í Vík og undir Eyjafjöllum 30. maí til 6. Júní og var þátttaka góð. Um 30 ferfættir höfðingjar nutu atlota og félagsskapar af vöskum krökkum sem að kynntust dásemdum íslenska hestsins og



lærðu undirstöðu reiðmennsku á þessum tíma. Að þeim tíma loknum var reiðskólasýning þar sem að slegið var á léttu strengi og foreldrum sýnt hvað börnin höfðu lært á námskeiðinu.

Hulda Gústafsdóttir kom ásamt fríðu föruneysi um 7. Og 8.júní og hitti þá krakka sem að voru skráðir í keppni á félagsmóti Sindra. Hún fór vel yfir sýningarprógrammið með krökkunum og leiðbeindi einstaklingsmiðað hverjum og einum. Félagsmótið okkar var svo haldið í ekta Mýrdælsku veðri þann 10-11.júní og voru 32 knapar í polla, barna, unglinga og ungmennaflokkum skráðir til keppni. Efstu tveir knapar úr undankeppni öðluðust keppnisrétt á landsmóti og má til gamans geta þess að þrátt fyrir að ferðast þyrfti hálf tóku 4 knapar í barna og unglingaflokkum þátt á landsmóti fyrir hönd Sindra☺

Vegna fráfalls Sindrafélaga Óskars Sigurðar Þorsteinssonar myndaðist sjóður í minningu hans. Að ósk hins látna bað hann fólk að minnast sín með því að styrkja æskulýðsnefnd Sindra. Nefndin ákvað að fara þá leið að stofna um hann minningarsjóð, selja minningarkort og allur ágóði rynni til æskulýðsstarfsins. Ákveðið var að úthluta úr sjóðnum á hverju landsmótsári til þeirra knapa sem að ynnu sér inn keppnisrétt á landsmóti í formi reiðkennslu. Þeir fjórir knapar sem að stefndu á landsmót fengu því tveggja kennslustunda reiðkennslu hjá Heklu Katarínu sem að fylgdi þeim svo eftir norður og tók með þeim æfingu inni á vellinum þegar að norður var komið.



Knapar í unglinga og barnaflokkum voru duglegir að taka þátt á mótum utan félagssvæðisins. Má þar nefna Íslandsmót, Suðurlandsmót, Stórmót á Hellu, Gæðingaveislu Sörla og Íshesta og félagsmót Kóps. Það sýndi sig að sú öfluga kennsla á starfsárinu og stuðningur foreldra skilaði sér í öfluga frambærilega knapa sem að félagið okkar má vera afar stolt af.



f.h. reiðskóla og æskulýðsnefndar Sindra

Hjördís Rut Jónsdóttir